

Héraðsdómur Reykjavíkur

Úrskurður 30. desember 2020

Mál nr. M-6498/2020:

Bílabúð Benna ehf.

(Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður)

gegn

Ólöfu Finnsdóttur

(Gizur Bergsteinsson lögmaður)

Úrskurður:

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 2. desember sl., var þingfest 26. nóvember 2020. Matsbeiðandi er Bílabúð Benna ehf., Krókhálsi 9, Reykjavík. Matsþoli er Ólöfu Finnsdóttir, Haðalandi 16, Reykjavík.

Með beiðni, dagsettri 30. september 2020 og mótttekinni degi síðar, fór matsbeiðandi þess á leit við Héraðsdóm Reykjavíkur að dómkvaddur yrði einn hæfur, sérfróður og óvilhallur matsmaður til að skoða og meta hvort viðgerð á bifreiðinni MS-U57, af gerðinni Porsche Cayenne, hafi tekist með þeim hætti að komist hafi verið fyrir uppsöfnun raka eða bleytu í teppum innrýmis bifreiðarinnar eða aðra vatnssöfnun í bifreiðinni við venjulega notkun hennar, orsakir vatnssöfnunar og hvort slíkt geti orsakast af tjóni. Í matsbeiðni er í fjórum afmörkuðum matsspurningum nánari grein gerð fyrir hverju matsatriði fyrir sig.

Við þingfestingu málsins 26. nóvember sl. mótmælti matsþoli því að umbeðin dómkvaðning fari fram. Við munnlegan flutning málsins 2. desember sl. krafðist hann þess að beiðni matsbeiðanda verði hafnað og að matsbeiðanda verði gert að greiða honum málskostnað. Af hálfu matsbeiðanda var matsbeiðnin áréttuð og þess krafist að umbeðin dómkvaðning fari fram. Þá krafðist matsbeiðandi málskostnaðar úr hendi matsþola.

I

Hinn 10. október 2016 keypti matsþoli nýja Porche Cayenne bifreið af matsbeiðanda, með skráningarnúmerið MS-U57. Með bréfi 9. október 2018 rifti matsþoli kaupum sínum á bifreiðinni „... vegna alvarlegs framleiðslugalla bifreiðarinnar sem umboðið (*matsbeiðandi*) hefur ekki náð að gera við þrátt fyrir tilraunir til úrbóta ...“ Var

í bréfi matsþola vísað til þess að útbætur hefðu verið reyndar 30. maí 2018 og 13. júní 2018. Þá hefði bifreiðin verið afhent matsbeiðanda um mánaðamótin júlí/ágúst 2018 og hún verið í vörslum hans til 9. ágúst 2018 án þess að viðgerð væri lokið þar sem taka hefði þurft ákveðna hluta hennar í sundur til þess að endanlega væri hægt að ljúka viðgerðinni. Bifreiðin hefði síðan verið afhent GB Tjónaviðgerðum 1. október 2018. Samkvæmt upplýsingum frá því fyrirtæki hefði viðgerð, sem eingöngu hefði beinst að vatnsleka, ekki verið lokið á þeim degi og jafnframt hefði verið upplýst að talið væri að viðgerð myndi ekki ljúka fyrr en í lok vikunnar 7.-14. október 2018. Matsbeiðandi hefði þannig haft bifreiðina svo vikum skipti til þess að gera við umræddan galla, án þess að viðgerð væri lokið.

Matsbeiðandi mótmælti riftun matsþola á kaupunum með bréfi lögmanns síns 11. október 2018. Þar kom fram að viðgerð á bifreiðinni væri lokið og hún sögð vera tilbúin til afhendingar til matsþola á starfsstöð GB Tjónaviðgerða.

Matsþoli höfðaði 26. júní 2019 mál gegn matsbeiðanda, sem fékk málsnúmerið E-3223/2019, og krafðist þess að riftun matsþola 9. október 2018 á kaupum á bifreiðinni af matsbeiðanda yrði staðfest og að matsbeiðanda yrði gert að greiða honum 13.961.752 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum, svo sem nánar var rakið í stefnu, allt að frádregnum 3.250.000 krónum 17. maí 2018. Matsbeiðandi krafðist í málinu aðallega sýknu af öllum kröfum matsþola en til vara að riftun miðaðist að öllu leyti við tímamarkið 9. október 2018 og að fjárfrafa matsþola yrði lækkuð verulega.

Með dómi uppkveðnum 20. júlí 2020 var riftun matsþola á kaupum á bifreiðinni staðfest og matsbeiðanda gert að greiða matsþola 13.761.097 krónur, auk vaxta og dráttarvaxta, allt að frádregnum 4.578.591 krónu 9. október 2018. Matsbeiðandi áfrýjaði dómi héraðsdóms 17. ágúst 2020. Fyrir Landsrétti fékk mál aðila málsnúmerið 510/2020.

II

Matsbeiðni matsbeiðanda barst Héraðsdómi Reykjavíkur 1. október 2020. Hinn 9. október 2020 kvað dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur upp úrskurð þess efnis að allir dómarar við dómstólinn vikju sæti í málinu. Með bréfi formanns stjórnar dómstóla-sýslunnar 19. október sl. var dómaranum falið að fara með málið með vísan til 6. mgr. 30. gr. og 6. mgr. 33. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla. Í niðurlagi bréfsins kom fram að dómaranum yrði veittur aðgangur að málinu með úthlutun í málaskrárkerfi héraðsdómstólanna og að frumgögn málsins yrðu send. Það var hins vegar ekki fyrr en síðla dags 18. nóvember sl., eftir að dómariinn, sem er dómari við Héraðsdóm

Reykjaness, hafði ítrekað spurst fyrir um gögnin, sem honum bárust þau frá Héraðsdómi Reykjavíkur. Sendi dómariinn samdægurs út boðun til lögmanna aðila og var málið þingfest 26. nóvember sl. samkvæmt áðursögðu.

III

Matsbeiðandi vísar til þess að matsþoli hafi rift kaupum á bifreiðinni vegna þess sem hann hafi talið vera galla er lýsi sér í því að vatn leiti inn í bifreiðina með þeim afleiðingum að teppi hennar verði blaut. Bifreiðin hafi í október 2018 farið til viðgerðar á verkstæði GB Tjónaviðgerða vegna tjóns sem bifreiðin hafi orðið fyrir á frambretti og við það tækifæri hafi þéttiefni verið borið á samskeyti við hvalbak og póst aftan við frambrettið. Verkstæðið hafi lýst því yfir að viðgerðin hafi tekist, að bifreiðin hafi ekki lekið eftir viðgerðina, en að sögn verkstæðisins hafi farið fram ítarlegar prófanir á bifreiðinni þannig að líkt hafi verið eftir aðstæðum í akstri. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur hafi hins vegar verið komist að þeirri niðurstöðu að sú yfirlýsing verkstæðisins væri ekki nægjanleg til sönnunar um þetta atriði. Þar sem bifreiðin hefði ekki verið notuð eftir viðgerðina væri ekki hægt að slá neinu föstu um að komist hefði verið fyrir vandamálið. Dómi héraðsdóms hafi verið áfrýjað til Landsréttar. Það sé ætlun matsbeiðanda með hinu umbeðna mati að sýna fram á að bifreiðin hafi ekki verið haldin nokkrum ágalla á riftunardegi og jafnframt upplýsa um orsakir vatnssöfnunarinnar.

Beiðni matsbeiðanda lúti að því að fá dómkvaddan matsmann til þess að meta hvort viðgerðin á bifreiðinni hafi tekist þannig að komist hafi verið fyrir að vatn leiti inn í hana. Miðað sé við að bifreiðin væri í venjulegri notkun. Jafnframt sé óskað mats á því hvort vandamálið hafi hugsanlega verið tvíþætt, þ.e. hvort annars vegar hafi vatn leitað inn í bifreiðina og hins vegar hvort vatn hafi ekki náð að leita út að nýju. Enn fremur sé óskað mats á því hvort óhapp hafi getað orsakað vandamálið.

Matsbeiðandi segir ráð vera fyrir því gert í lögum að aflað sé matsgerðar milli dómstiga, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá bendir matsbeiðandi á að hann hafi lagt fram matsbeiðni sína einum mánuði og 11 dögum áður en gagnaöflunarfrestur í Landsrétti rann sitt skeið á enda. Beiðnin hafi því legið hjá Héraðsdómi Reykjavíkur án þess að hún væri tekin fyrir allan gagnaöflunarfrestinn í Landsrétti. Þá bendir matsbeiðandi á að þó svo mál aðila sé nú rekið fyrir Landsrétti sé ekki loku fyrir það skotið að það verið tekið fyrir í Hæstarétti að dómi Landsréttar gengnum. Að þessu gættu séu ekki efni til þess að fallast á það með matsþola að öflun matsgerðar sé tilgangslaus til sönnunar í málinu eða að matsbeiðandi hafi ekki lögvarða

hagsmuni af því að héraðsdómur dómkveðji mann til að meta þau atriði sem tilgreind séu í matsbeiðni hans með vísan til þess að fresti til gagnaöflunar sé lokið fyrir Landsrétti.

Til stuðning matsbeiðni sinni vísar matsbeiðandi til IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Matsþoli reisir kröfur sínar á því að beiðni matsbeiðanda sé of seint fram komin. Aðila sé skylt að nýta þá fresti sem hann hafi, kjósi hann að afla matsgerðar, sbr. 2. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, ella kunni beiðni um dómkvaðningu að verða hafnað. Útilokunarreglan sé ein af grundvallarreglum einkamálaréttarfars en samkvæmt henni þurfi málsaðilar að hafa uppi kröfur, lýsingu á atvikum máls og röksemdum sínum og mótmælum gegn kröfum, rökum og yfirlýsingum gagnaðila jafnharðan og efni séu til. Að öðrum kosti komist slík atriði ekki að. Með þessu sé tryggt að gagnaðili eigi þess kost að andmæla niðurstöðum matsgerðar, eftir atvikum með því að grípa til aðgerða til að fá henni hnekkt.

Af hálfu matsþola er einnig á því byggt að nauðsynlegt hafi verið fyrir matsbeiðanda að afla matsgerðar í kjölfar þess að GB Tjónaviðgerðir gerðu tilraun til þess að gera við bifreiðina en áður en matsbeiðandi veitti henni viðtöku, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Fyrir liggir að matsbeiðandi hyggist leggja fram þá matsgerð sem hann vilji afla í landsréttarmálinu nr. 510/2020. Matsþoli telji hins vegar upplýst, sem hann hafi þegar lagt fram gögn um í landsréttarmálinu, að matsbeiðandi hafi tekið bifreiðina til sín í því skyni að reyna að bæta úr þeim göllum sem enn væru á henni og með því ráðstafað sakarefni málsins. Af því leiði að sú matsgerð sem matsbeiðandi hyggist afla sé tilgangslaus til sönnunar um hver hafi verið árangur af þeirri tilraun sem gerð hafi verið á árinu 2018 í því skyni að koma í veg fyrir vatnssöfnun í bifreiðinni. Enn fremur sé ljóst að matsgerð sú sem matsbeiðandi hyggist afla sé tilgangslaus til sönnunar um hvort viðgerð, sem hann segi hafa verið framkvæmda á bifreiðinni, hafi átt sér stað haustið 2018 eða í október 2020.

Matsþoli reisir kröfur sínar einnig á því að öflun sönnunargagna í landsréttarmálinu 510/2020 sé lokið, sbr. 1. mgr. 160. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Landsréttur hafi ekki framlengt sameiginlegan frest aðila til frekari gagnaöflunar í landsréttarmálinu áður en hann rann út, sbr. 6. málslíð 1. mgr. 160. gr. laga nr. 91/1991. Landsréttur hafi ekki heldur beint því til matsbeiðanda að hann megi afla matsgerðarinnar. Þá liggir fyrir að matsbeiðandi hafi átt þess kost að afla matsgerðarinnar

fyrir, sbr. 7. málslíð 1. mgr. 160. gr. laga nr. 91/1991, en til þess hafi hann haft fjölmörg tækifæri á fyrri stigum málsins. Matsbeiðanda skorti samkvæmt öllu framansögðu lögvarða hagsmuni af því að héraðsdómur dómkveðji mann til að meta þau atriði sem tilgreind séu í matsbeiðni hans, sbr. 1. mgr. 76. gr., sbr. 1. mgr. 75. gr., laga nr. 91/1991.

Af hálfu matsþola er jafnframt á því byggt að þær matsspurningar sem fram komi í matsbeiðni séu tilgangslausar til sönnunar, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991. Hvað fyrstu matsspurninguna varðar vísar matsþoli meðal annars til þess að svar við henni geti ekki varpað ljósi á ástand bifreiðarinnar á riftunardegi. Hún sé því tilgangslaus til sönnunar í málinu, sbr. áður tilvitnað lagaákvæði. Þá verði það ekki metið nú hvað hafi verið gert fyrir tveimur árum og hvort þær aðgerðir hafi skilað tilætluðum árangri, sérstaklega þegar horft sé til þess að bifreiðin hafi verið í vörslum matsbeiðanda í yfir tvö ár og hann því haft allan þann tíma til að gera við bifreiðina. Af þessari ástæðu einnig sé svar við fyrstu matsspurningunni tilgangslaus til sönnunar í málinu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Hvað aðra matsspurninguna varðar bendir matsþoli á að hún beinist að ástandi bifreiðarinnar eins og það sé í dag. Svar við spurningunni geti því ekki varpað ljósi á ástand bifreiðarinnar á riftunardegi. Hún sé því tilgangslaus til sönnunar í málinu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Þriðju matsspurninguna segir matsþoli haldna þeim annmarka að útilokað sé fyrir matsmann að meta orsakir vatnssöfnunarinnar meira en tveimur árum eftir að matsbeiðandi kveðst hafa gripið til fullnægjandi aðgerða í því skyni að koma í veg fyrir hana. Svar við spurningunni geti því ekki varpað ljósi á ástand bifreiðarinnar á riftunardegi og sé af þeim sökum tilgangslaus til sönnunar í málinu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Fjórdðu matsspurninguna segir matsþoli ekki beinast að ástandi bifreiðarinnar heldur því hvort eitthvað sé hugsanlegt eða útilokað við tiltekna aðstæður, án þess að þær séu skilgreindar nánar í spurningunni. Svar við henni geti því ekki varpað neinu ljósi á ástæður þess að vatn safnaðist fyrir í bifreiðinni. Augljóst sé að svar spurningunni geti ekki haft neina þýðingu þegar leyst sé úr því hvort bifreiðin hafi verið gölluð þegar matsþoli rifti kaupum á henni 9. október 2018. Matsspurningin sé því tilgangslaus til sönnunar í málinu, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991.

Með vísan til alls þess sem að framan sé rakið beri dómnum að hafna beiðni matsbeiðanda.

Samkvæmt 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála afla aðilar í einkamáli sönnunargagna ef þeir fara með forræði á sakarefninu. Til samræmis við þessa meginreglu einkamálaréttarfars hefur aðilum að einkamáli í dómaframkvæmd almennt verið viðurkennd rúm heimild til öflunar matsgerða, enda matsgerða ávallt aflað á áhættu og kostnað matsbeiðanda. Ákvæði 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 hefur hins vegar að geyma undantekningu frá þessari meginreglu en samkvæmt ákvæðinu getur dómari meinað aðila um sönnunarfærslu ef hann telur bersýnilegt að atriði, sem aðili vill sanna, skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaust til sönnunar.

Matspoli reisir kröfur sínar meðal annars á því að beiðni matsbeiðanda sé of seint fram komin. Hefur hann vísað til þess að aðila einkamáls sé skylt að nýta þá fresti sem hann hafi, kjósi hann að afla matsgerðar, sbr. 2. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991, ella kunni beiðni um dómkvaðningu að verða hafnað. Útilokunarreglan sé ein af grundvallarreglum einkamálaréttarfars og hún tryggi að gagnaðili eigi þess kost að andmæla niðurstöðum matsgerðar, eftir atvikum með því að grípa til aðgerða til að fá henni hnekk.

Að virtum gögnum málsins verður að fallast á það með matspola að matsbeiðandi hafi haft mörg tækifæri til þess á fyrri stigum að afla þeirrar matsgerðar sem hann hyggst nú afla með matsbeiðni sinni, sbr. 1. mgr. 160. gr. i.f. laga nr. 91/1991. Með riftunarbréfi matspola 9. október 2018 lá þannig skýrlega fyrir að matspoli reisti riftunina meðal annars á þeirri málsástæðu að tilraunir matsbeiðanda til þess að bæta úr galla á bifreiðinni hefðu ekki skilað árangri og að bifreiðin hefði því verið haldin galla á riftunardegi. Þá kom fram í bréfi matsbeiðanda 11. október 2018, þar sem riftun matspola var mótmælt, að hann teldi viðgerð á bifreiðinni lokið og var hún sögð vera tilbúin til afhendingar til matspola á starfsstöð GB Tjónaviðgerða, allt sbr. kafla I hér að framan. Þrátt fyrir þetta kaus matsbeiðandi að afla ekki matsgerðar um þau atriði er matsbeiðni hans tekur til undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi. Þá lagði hann matsbeiðni sína ekki fram fyrr en degi eftir að landsréttarmálið nr. 510/2020 var þingfest, en þá var liðið á þriðja mánuð frá uppkvaðningu héraðsdómsins.

Samkvæmt gögnum málsins lauk sameiginlegum gagnaöflunarfresti aðila landsréttarmálsins nr. 510/2020 hinn 11. nóvember sl., sbr. 1. mgr. 160. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Landsréttur framlengdi ekki frest aðila til frekari gagnaöflunar áður en hann rann út, sbr. 6. málslíð tilvitnaðrar 1. mgr. 160. gr. Þá liggur ekkert fyrir um það að Landsréttur hafi beint því til matsbeiðanda að hann megi afla

matsgerðarinnar. Við úrlausn máls þessa verður því lagt til grundvallar að öflun sönnunargagna í landsréttarmálinu sé lokið. Framhjá því verður ekki litið að það er ætlan matsbeiðanda að leggja fram matsgerð þá sem hann vill afla í landsréttarmáli aðila. Þar sem frestur sá sem aðilum málsins var veittur með vísan til 1. mgr. 160. gr. laga nr. 91/1991 til að ljúka gagnaöflun í málinu er liðinn er tilgangslaust til sönnunar í málinu að afla umbeðins mats, sbr. 3. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 20/2014, og geta hugleiðingar matsbeiðanda um mögulega áfrýjun málsins til Hæstaréttar, að dómi Landsréttar gengnum, engu breytt um þá niðurstöðu. Sú lítilsháttar töf sem varð á því að dómari fengi gögn málsins afhent, og gerð er grein fyrir í kafla II hér að framan, getur í ljósi röksemda dómsins heldur engin áhrif haft á þá niðurstöðu, enda ljóst að því virtu sem rakið er í kafla IV hér að framan að matsþoli hefði allt að einu mótmælt matsbeiðninni og matsgerð því ekki legið fyrir áður en gagnaöflunarfrestur fyrir Landsrétti rann sitt skeið á enda 11. nóvember sl. Samkvæmt öllu þessu er beiðni matsbeiðanda hafnað.

Samkvæmt úrslitum málsins og með hliðsjón af 4. mgr. 79. gr. laga nr. 91/1991 i.f. þykir rétt að matsbeiðandi greiði matsþola málskostnað, er hæfilega þykir ákveðinn svo sem í úrskurðarorði greinir.

Úrskurð þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari.

Úrskurðarorð:

Beiðni matsbeiðanda, Bílabúðar Benna ehf., dagsettri 30. september 2020, um dómkvaðningu matsmanns, er hafnað.

Matsbeiðandi greiði matsþola, Ólöfu Finnsdóttur, 300.000 krónur í málskostnað.

Kristinn Halldórsson